



Helstu niðurstöður skólupúlsins í grunnskólum, vor 2017

Hér gefur að líta samantekt á helstu niðurstöðum skólupúlsins vorið 2017. Gerðar voru nemendakannanir, foreldrakannanir í tveimur skólum og starfsmannakannanir í þremur skólum. Skólastjórnendur hafa farið yfir niðurstöðurnar og munu vinna vel úr þeim, þeir leggja jafnframt til að í framtíðinni verði gerðar foreldrakannanir og starfsmannakannanir annað hvert ár en nemendakannanir á hverju ári.

GÖ

Ánægja af lestri, GÖ heldur sig áfram fyrir ofan landsmeðaltal (0,7), vinna þarf í þrautseigju í námi og trú á eigin vinnubrögð og getu. Það er verk að vinna þegar kemur að þeim hluta sem snýr að líðan og heilsu því þar kemur fram að sjálfstraust nemenda er lítið, þeim líður ekki nógu vel og nú sjást merki um einelti sem ekki hefur verið til staðar. Þá má auka hreyfingu og heilbriggt matarræði utan skóla, má leiða að því líkur að það myndi bæta líðan nemenda. Skóla- og bekkjarandi er á niðurleið og er ekki góður. Í opnu svörum kemur margt jákvætt fram en líka að það séu samskiptavandræði við einn kennara og nemendum blöskri samskiptin við einn nemanda, ljóst er að mörgum nemendum líður ekki vel í skólanum. Ekki náðist að gera foreldrakönnun í GÖ þetta árið.

GS

Í nemendakönnuninni kemur fram í virkni nemenda í skólanum er á uppleið og yfir landsmeðaltali í öllum þáttum nema einum. Sérstaklega er gaman að sjá að ánægja af lestri og þrautseigja í námi er töluvert yfir landsmeðaltali. Líðan nemenda er líka góð og einelti er undir landsmeðaltali. Nemendur í GS hreyfa sig meira en meðaltal landsins á sama aldri. Skóla og bekkjarandi er viðunandi og á uppleið en gera má enn betur þar. Í opnum svörum eru nemendur nokkuð ánægðir en minnst þó á að mótuneytið, aðstöðuna og matinn sem eitthvað sem má laga.

Í foreldrakönnuninni kemur fram í kaflanum nám og kennsla að foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans, þyngd námsefnisins er við hæfi og agi hæfilegur. Foreldrar eru þó ekki vissir um að námið sé allt í takt við grunnstærðir aðalnámskrár. Þegar kemur að velferð nemenda þá er skólin í góðum málum að mati foreldra fyrir utan samskipti starfsfólks við nemendur, og úrvinnslu úr eineltismálum en telja líðan nemenda góða. Foreldrar eru ánægðir með mótuneytið en það er þó nýtt minna en víðast hvar. Nemendur stunda tólmundir minna miðað við jafnaldra á landinu. Eitthvað hefur ánægja foreldra með heimsíðuna minnkað en hún var 100% í fyrra, í opnum svörum kemur fram að þar vanti matseðilinn. Það virðist vera sóknarfæri í því að fá foreldra í meira samstarf um skólustarfið. Þegar horft er til heimastuðnings er má sjá að foreldrar hafa ekki trú á eigin getu til að hjálpa barninu sínu með námið, þetta er þáttur sem vert er að skoða í víðu samhengi. Í opnum svörum kemur fram að smæð skólans er talin til kosta hans og að það sé komið nýtt blóð í hann. Einhver ósætti eru milli kennara og foreldra.

GÞ

Í kaflanum virkni nemenda í skólanum eru allir þættir að koma vel út og yfir landsmeðaltali sérstaklega er gaman að sjá hvað trú á eigin námsgetu hefur hækkað. Þegar kemur að líðan og heilsu eru nemendur í GÞ nokkuð ánægðir með sig en eitthvað einelti er þó til staðar þó tíðni eineltis sé lágt. Skólar- og bekkjarandi er góður og gaman að sjá framfarir þar sérstaklega í virkni nemenda í tímum. Í opnum svörum kemur fram að andinn í skólanum er góður, nemendur eru ánægðir með kennarana, I-padana og ávaxtabitana. Einhverjir eru ósáttir við matinn og að einhverjir krakkar kunni ekki alveg að haga sér eins og á að gera í skóla. Þá eru einhverjir ósáttir við ákveðinn kennara. Ekki náðist að gera foreldrakönnun í GÞ þetta árið.

GÍ

Í kaflanum um virkni nemenda í skólanum er ánægja af lestri á landsmeðaltali og stendur í stað. Aðrir þættir lækka lítillega og eru undir landsmeðaltali. Þegar kemur að líðan og heilsu er hún við landsmeðaltal og hefur vellíðan verið að aukast síðustu tvö ár. Einelti er á landsmeðaltali en tíðni eineltis töluvert undir landsmeðaltali. Tíðni hreyfingar 2 eða orftað í viku er töluvert undir landsmeðaltali. Þegar skóla- og bekkjarandi er skoðaður eru flestir þættir lítillega á niðurléið og mikilvægt að skoða þennan þátt vel. Í opnum svörum kemur fram að nemendur eru ánægðir með aðra nemendur, kennarana, þeim finnst þau örugg og að þeim sé hjálpað. Einhverjir minnst á að aðbúnaður sé góður og engin heimavinna. Þá er hringekja og íþróttir talið til kosta og að ekkert einelti sé í skólanum. Það kemur líka fram að maturinn sé góður og að skólinn geti alltaf boðið upp á eitthvað fyrir alla. Gangaverðir fá líka hrós að þeir séu alltaf til í að aðstoða og nokkrir nefna það að skóladagurinn sé hæfilega langur eða frá 8-14. Þegar horft er til þess sem má bæta í opnu svörunum er maturinn nefndur, einhverjir eru ósáttir við kennara og þá kemur fram hjá nokkrum að skólinn byrji of snemma á morgnanna.

Í foreldrakönnuninni kemur fram að ánægja með stjórnun skólans hefur aukist en hefur þó ekki náð landsmeðaltali, áhugavert er að foreldrar drengja eru töluvert ánægðari með stjórnunina en foreldrar stúlkna en jafnræði er í þessu á landsvísu. Að mati foreldra hefur agi í skólanum farið niður á við og eru þar tæplega 20% munur á svörum foreldra eftir því hvort þau eiga stúlku eða dreng, foreldrar drengjanna eru ánægðari með agann í skólanum. Þegar mat foreldra á velferð nemenda er skoðuð þá telja foreldrar að nemendum líði verr en landsmeðaltalið og þeir telja einelti meira en nemendur sjálfir svara til, þeir eru þó ánægðir með úrvinnslu skólans á eineltismálum. Foreldrar eru nokkuð ánægðir með aðstöðu og þjónustu innan skólans en ánægja með mötuneytið er eitthvað minni og notkunin á því líka. Foreldrar eru ánægðir með allt foreldrasamstarf og upplýsingar sem frá skólanum koma en ánægja foreldra með heimasíðu skólans er þó undir landsmeðaltali. Foreldrar eru ekki eins virkir í námi barna sinna eins og gengur og gerist annarstaðar á landinu og hafa minni trú á eigin getu til að aðstoða barnið með námið. Þeim finnst heimavinna hæfileg en áhyggjuefni er að þeir hafa minni væntingar til menntunarstigs barns síns en landsmeðaltal foreldra. Í opnum svörum kemur fram að fólk sé ánægt með kennarar og annað starfsfólk og að börnum líði vel. Þau upplifi að þar sé metnaður og að það uppbot sem frístundin er sé góð fyrir nemendur. Foreldrar telja samskipti, samvera og námsumhverfi sé gott og að gott sé að allt sé á sama blettinum. Þegar horft er á það hvað betur megi fara í skólanum kemur fram að auka þurfi aga í skólanum. Kenna nemendum aga og virðingu gangvart skólanum, starfsfólki, samnemendum og eigum annarra. Þá er minnst á mötuneyti, eineltismál og upplýsingaflæði sem má bæta.

Starfsmannakönnun

94,4% starfsmanna hafa farið í starfsmannasamtöl sem er rúmum 15% meira en landsmeðaltal grunnskóla. Starfsmenn telja viðtölin líka gagnlegri en fram kemur á landsmeðaltali. Þegar horft er til eineltis og áreitis meðal starfsfólks skorur við herra en landið og það þarf að skoða. Áreitnin er hærri og þar getur verið um að ræða áreitni frá samstarfsfólki, nemendum eða foreldrum. Þegar niðurstöður skólanna eru skoðaðar betur kemur fram að áreitið sem starfsmenn svara til um kemur frá foreldrum. Starfsmenn eru ánægðari með starfsumhverfi skólanna en meðaltal landsins. Starfsánægja, andi og stjórnun er lítillega undir meðaltali. Kennarar eru töluvert ánægðari með kennarastarfið en starfsbræður þeirra annarstaðar á landinu. Trú þeirra á eigin getu er hinsvegar undir meðaltalinu, aðrir þættir koma ágætlega út. Þegar kemur að starfsumhverfi kennara eru kennarar ánægðir með stuðning kennara við nemendur með námsörðugleika, faglegan stuðning skólastjóra við kennara, samráð, samvinnu um kennslu og skólaþróun og vinnuaðstæður kennara. Hinsvegar má skoða valddreifingu við ákvarðanatöku. Þegar þátturinn mat og endurgjöf er skoðaður kemur fram að skólastjórnendur geta gert betur þegar kemur að endurgjöf til kennara. Símenntun er meiri en landsmeðaltalið en þó hungrar kennara í Ísafjarðarbæjar í þekkingu og telja þörfina meiri en starfsbræður þeirra annarstaðar á landinu.

MH